Rannsóknaráætlun 2026–2028

Áætlun um rannsóknir og gagnaöflun í ferðaþjónustu

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board



FMS 2026-12
ISSN 978-9935-522-56-6

© Ferðamálastofa 2026

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Furuvöllum 7, 600 Akureyri
Netfang: upplysingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is
Titill: Rannsóknaráætlun 2026-2028
Áætlun um rannsóknir og gagnaöflun í ferðaþjónustu
Númer: FMS 2026-12
ISBN: 978-9935-522-08-5

Myndalisti:
Forsíða: Norris Niman á Unsplash
Bls. 5: Tamara Bitter á Unsplash
Bls. 8: Matteo Sassola á Pexels
Bls. 12: Freysteinn G. Jónsson á Unsplash
Bls. 22: Hub Jacqu á Pexels

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Formáli 4
Inngangur 5
Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir 7
Umsagnir í samráðsgátt stjórnvalda 9
Rannsóknaráætlun 10
Hlutverk ferðaþjónustu 10
Rannsóknir fyrir hverja? 11
Fjármögnun – forgangsröðun 12
Verkefni 2026-2028 13
Verkefni 1 – Farþegatalningar 14
Verkefni 2 – Ferðavenjur erlendra ferðamanna – Landamærarannsókn: Lýðfræði, ferðahegðun og upplifun ferðamanna. 15
Verkefni 3 – Könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu 16
Verkefni 4 – Könnun á ferðahegðun Íslendinga 17
Verkefni 5 – Dreifing ferðamanna um landið 17
Verkefni 6 – Greining á fjárhag og rekstri fyrirtækja í ferðaþjónustu 18
Verkefni 7 – Gagnagrunnur of mælaborð ferðaþjónustunnar 19
Hagnýtar verkefnishugmyndir 20
Verkefni: Yfirlit 20
Verkefni: Tengsl við jafnvægisás ferðamála 21
Tilvísanir 23
Viðauki 1 – Reglugerð 20/2020 24
Viðauki 2 – Nefndarráðgjöf 29
Ráðgjöf um rannsóknarverkefni 2026-28 30
I. Staða fjármögnunar til rannsókna og gagnaöflunar 30
II. Ráðgjöf um núverandi verkefni 30
Viðauki 3 – Fundargerðir ráðgefandi nefndar 38

Formáli

...

Reykjavík, XXXX 2026

Arnar Már Ólafsson
ferðamálastjóri

Inngangur

Ferðamálastofa fylgist með og stuðlar að þróun þekkingar á ferðaþjónustu stjórnvöldum, íslensku samfélagi og atvinnugreininni til heilla. Hlutverkið er grundvallað á lögum um Ferðamálastofu nr. 96/2018. Ferðamálastofa vinnur að samræmingu, greiningum og gagnaöflun ásamt miðlun og úrvinnslu upplýsinga um ferðaþjónustu, sem er grunnstoð í íslensku atvinnulífi. Hlutverk Ferðamálastofu á sviðinu er nánar útlistað í reglugerð um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála nr. 20/2020.

> Í 2. gr. reglugerðar 20/2020 segir m.a.:
>
> Ferðamálastofa skal meta þörf fyrir gagnaöflun, greiningar og rannsóknir, móta rannsóknaráætlun, sbr. 5. gr., og láta framkvæma rannsóknir samkvæmt rannsóknaráætlun í samræmi við lög og reglur þar að lútandi, m.a. hvað varðar opinber innkaup.
>
> Vinna stofnunarinnar að gagnaöflun og rannsóknum skal styðja við ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni samkvæmt stefnu stjórnvalda.


> Í 5. gr. reglugerðar 20/2020 segir m.a:
>
> Ferðamálastofa skal móta og láta framkvæma rannsóknaráætlun á grunni Jafnvægisáss ferðamála og stefnumótunar stjórnvalda. Rannsóknaráætlun skal einnig taka mið af þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni til gagnaöflunar og rannsókna.

Jafnvægisás ferðamála er mælitæki til að meta reglulega áhrif ferðaþjónustu á umhverfi, innviði, samfélag og efnahag landsins, eins og fram kemur á heimasíðu verkefnisins (Stjórnarráðið, 2026). Talsverð þróun hefur verið undanfarin ár á þeim ramma sem er um ferðaþjónustu m.a. með tilkomu stefnu og aðgerðaáætlunar í ferðaþjónustu sem nær til ársins 2030 (Stjórnarráðið, 2024), en þessu til viðbótar er nokkur tími liðinn síðan jafnvægisás ferðamála hefur verið uppfærður og rýndur.

Ferðamálastofa tekur því undir ráðgjöf ráðgefandi nefndar um rannsóknir í ferðaþjónustu að tengja verkefni í rannsóknaráætlun við ferðamálastefnu til 2030 samhliða því að halda tengslum og samhengi þeirra við jafnvægisás

ferðamála. Það kunna að vera tækifæri í því stjórnvöld rýni jafnvægisás ferðamála og reglugerð 20/2020 í ljósi ferðamálastefnu og þróunar undanfarinna ára. Meginmarkmið er að greinin skili þjóðarbúinu efnahagslegum og samfélagslegum arði, auk þess að ferðafólk sem komi til Íslands taki með sér góðar minningar til heimahaganna.

Ferðamálastofa leitast við að verkefni rannsóknaráætlunarinnar styðji við stefnumörkun og ákvarðanir fyrirtækja í ferðaþjónustu og bæti þannig rekstur í greininni. Ferðamálastofa forgangsraðar verkefnum með tilliti til þess fjármagns sem til ráðstöfunar er og leitast við að gæta jafnvægis milli efnahagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra þátta.



Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir hefur það hlutverk að styðja Ferðamálastofu við undirbúning rannsóknaráætlunar, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 20/2020.

Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefnir tvo sérfræðinga í nefndina sem sinna rannsóknum og kennslu á sviði ferðamálafræði, en Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök ferðaþjónustunnar, ráðherra sem fer með samgöngu- og sveitarstjórnarmál, ráðherra sem fer með ferðamál, og Ferðamálastofa tilnefna einn sérfræðing hvert. Með samsetningu nefndarinnar er leitast við að draga að bæði vísindalega þekkingu og sérfræði hagsmunaaðila í greininni.

Fyrir tímabilið 2026–2028 skipa nefndina:

1	Þóra Helgadóttir Frost, hagfræðingur. Stundar doktorsnám við Kings Business School og starfar innan *Centre for Sustainable Business, CSB*. – tilnefnd af Ferðamálastofu, formaður.
2	Dr. Ingibjörg Sigurðardóttir, lektor og deildarstjóri ferðamáladeildar við Háskólann á Hólum – tilnefnd af samstarfsnefnd háskólastigsins.
3	Dr. Gunnar Þór Jóhannesson, prófessor við Háskóla Íslands – tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins.
4	Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra – tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
5	Gunnar Geir Gunnarsson, deildarstjóri öryggis- og fræðsludeildar Samgöngustofu – tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.
6	Diljá Matthíasardóttir, hagfræðingur SAF – tilnefnd af Samtökum ferðaþjónustunnar.
7	Hallveig Ólafsdóttir, staðgengill skrifstofustjóra á skrifstofu auðlinda í atvinnuvegaráðuneytinu – tilnefnd af atvinnuvegaráðherra.

Til að undirbúa ráðgjöf sína vegna þessarar rannsóknaráætlunar fundaði nefndin formlega fjórum sinnum á tímabilinu febrúar-september 2025, auk samráðs við notendur. Hún skilaði Ferðamálastofu ráðgjöf sinni vegna Rannsóknaráætlunar 2026–28 þann 30. 12. 2025. Ráðgjöfina má lesa í viðauka 2, ásamt fundargerðum nefndarinnar.

Rannsóknaráætlunin sem hér er kynnt nýtir ráðgjöf ráðgefandi nefndar um gagnaöflun og rannsóknir, en er aðlöguð að starfsemi Ferðamálastofu og þeim fjárheimildum sem stofnunin hefur til umráða.



Umsagnir í samráðsgátt stjórnvalda

Í samráðsferli stjórnvalda sem fór fram ... bárust ... umsagnir,

Skoða má umsagnirnar í fullri lengd í samráðsgátt stjórnvalda.

TENGILL

Rannsóknaráætlun

Gagnaöflun og rannsóknum á vegum Ferðamálastofu er ætlað að styðja við ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni samkvæmt stefnu stjórnvalda, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 20/2020. Í samræmi við þetta miðast áætlunin við að rannsóknir hennar séu fræðilega vandaðar og að sama skapi hagnýtar og aðgengilegar þannig að þær auðveldi stjórnvöldum og aðilum í ferðaþjónustu að taka upplýstar ákvarðanir svo ferðaþjónustan nái samfélagslegum markmiðum sínum.

Hlutverk ferðaþjónustu


Ferðaþjónusta er atvinnugrein með mikil bein og óbein áhrif á velsæld þjóðarinnar. Samfélagslegt hlutverk atvinnuvega er að leggja sem mest af mörkum til hagsældar þeirra sem í landinu búa. Með góðri umgjörð ferðaþjónustu má ætla að ávinningurinn verði hámarkaður á öllum snertiflötum.

Mynd 1 Velferðaráhrif ferðaþjónustu koma fram í gegnum efnahag þjóðarinnar, umhverfi og samfélag.



Sátt þarf að ríkja um ferðaþjónustu sem atvinnuveg. Slík sátt mest þar sem stjórnvöldum tekst að skapa sanngjarna umgjörð um starfsemina og þar sem ábatinn af greininni dreifist sem víðast um landið og á meðal þjóðarinnar. Ofangreind sjónarmið eru í samræmi við stefnu og stefnuramma í ferðaþjónustu til ársins 2030, og sjá má nánar útfærð á mynd 2.

Mynd 2 Ferðaþjónusta til 2030. Stefna og stefnurammi.



Menningar- og viðskiptaráðuneytið (2023).

Vinna skal markvisst í hverjum og einum þætti til að ferðaþjónusta verði leiðandi í sjálfbærri þróun og á sama tíma að ferðaþjónusta verði arðsöm og samkeppnishæf í sátt við land og þjóð. Ennfremur er þess að geta að í jafnvægisási ferðamála (Atvinnu- og nýsköpunar- ráðuneytið, 2019; Jónas Hallgrímsson o.fl., 2020) eru sjónarmið um sjálfbærni og þolmörk einstakra ferðamannastaða sem og landsins í heild lögð til grundvallar. Þolmörk ferðamennsku hafa verið skilgreind sem „sá hámarksfjöldi gesta sem áfangastaður ferðamanna getur tekið á móti samtímis án þess að náttúrulegt, hagrænt eða félags- og menningarlegt umhverfi verði fyrir skaða eða að óásættanleg skerðing verði á kjöraðstæðum og upplifun ferðamanna“ (sjá nánar Coccossis, Mexa, & Collovini, 2002).

Rannsóknir í þágu stjórnvalda, fyrirtækja og almennings

Hið opinbera

Hið opinbera, ríki og sveitarfélög, mótar rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar. Annars vegar í gegnum lög og reglur, leyfi, skatta og gjöld. Hins vegar með uppbyggingu og viðhaldi innviða og þjónustu, svo sem vega, flugvalla og hafna, ásamt virkri löggæslu, öryggis- og heilbrigðisþjónustu. Þessu til viðbótar veitir hið opinbera stuðning með lánum, styrkjum, menntun og sérhæfðri sérfræðiaðstoð þar sem við á.

Hagnýt rannsóknarverkefni í ferðaþjónustu verða að styðja stjórnvöld við þetta hlutverk í mótun öflugrar umgjarðar fyrir atvinnuveginn. Þau eiga því að beinast að því að finna leiðir til að:

1. stuðla að bættri ákvarðanatöku stjórnvalda um opinbera rekstrarumgjörð ferðaþjónustunnar í landinu.
2. bæta ákvarðanatöku og rekstur fyrirtækja í greininni
3. að stuðla velferðarauka fyrir samfélagið og landið.

Fyrirtæki

Í ferðaþjónustu starfar fjöldi fyrirtækja, bæði stórra og smárra, á fjölbreyttum sviðum. Þar má meðal annars nefna farþegaflutninga, gisti- og veitingarekstur, rekstur ferðamannastaða og skipulagðar ferðir.

Fyrirtækin taka ákvarðanir um rekstur og fjárfestingar í samræmi við aðstæður og eigin markmið. Það eru einkum þessi fyrirtæki, og viðbrögð þeirra við eftirspurn, sem móta þróun ferðaþjónustunnar.

Almenningur

Könnun Ferðamálastofu á *Viðhorfum Íslendinga* er ígildi samtals við samfélagið og hefur verið mikilvæg heimild um hvernig tekist hefur til í að skapa samfélagslega sátt um greinina.

Gagnagátt fyrir ferðaþjónustu

Mikilvægt er að gagnaöflun og rannsóknarverkefni í ferðaþjónustu nýtist sem best og að aðgengi að niðurstöðum sé sem greiðast. Mjög stórt verkefni Ferðamálastofu að halda úti mælaborði ferðaþjónustunnar, maelabordferdathjonustunnar.is. Þar má finna mjög mikið af gögnum sem safnað m.a. er í gegnum rannsóknarverkefni Ferðamálastofu. Þar eru gögn bæði aðgengileg í myndrænu formi og til niðurhals.

Heimasíða Ferðamálastofu, ferdamalastofa.is, er sömuleiðis mikilvæg miðlunarleið rannsóknarniðurstaðna í gegnum fréttir og rannsóknarskýrslur.

Fjármögnun – forgangsröðun

Rannsóknarverkefni þau sem rakin eru í þessari rannsóknaráætlun eru hönnuð til að leggja fræðilegan og faglegan grunn fyrir ákvörðunartöku fyrirtækja í ferðaþjónustu. Vönduð rannsóknarverkefni eru fjárfesting í framtíðarþróun ferðaþjónustunnar sem atvinnuvegs. Ferðaþjónustan, sem hefur margfaldast að umfangi undanfarinn áratug og tekið auk þess verulegum stakkaskiptum, kallar á vel skipulögð og víðfeðm rannsóknarverkefni. Það er eðlilegt að kosta þurfi til svo afurðirnar verði í takt við mikilvægi verkefnanna.

Eins og nánar er rakið í verkefnakafla þessarar skýrslu er áætlaður kostnaður við verkefnin í rannsóknaráætluninni um 97 m.kr. á árinu 2026 og svipuð upphæð hvort áranna 2027 og 2028. Hin árlega upphæð sem Ferðamálastofa hefur til umráða til rannsókna hefur ekki vaxið að raunvirði undanfarin ár. Vegna kostnaðar sem vaxið hefur ár frá ári hefur verið farin sú leið að fella verkefni af rannsóknaráætlun svo starfsemin sé í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 20/2020 kemur fram að verkefnum í rannsóknaráætlun skuli forgangsraða „með tilliti til þess fjármagns sem er til ráðstöfunar“.

Hér er um áætlun að ræða sem er sæmilega áreiðanleg fyrir þau verkefni sem þegar hefur verið samið um en mun óvissari fyrir hin. Raunverulegur kostnaður við rannsóknarverkefni liggur hins vegar ekki fyrir fyrr en þeim er lokið.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum verkefnum og yfirstandandi verkefni hafa verið endurskoðuð með skynsamlega forgangsröðun og sem besta nýtingu takmarkaðs rannsóknarfjár í huga. Komi í ljós að fjárveitingar verði rýmri eða ef rannsóknarfé verður aðgengilegt með öðrum hætti, opnast tækifæri til skoðunar þess að taka inn á ný verkefni sem fallið hafa af áætlun og verkefni sem ráðgefandi nefnd hefur talið fram sem mikilvæg skv. glufugreiningu.

Það er krefjandi umhverfi að starfa að rannsóknum í ferðaþjónustu á Íslandi. Lítið aðgengi er að rannsóknarfé og mikið er í húfi að leiðir til varanlegrar fjármögnunar verði varðaðar.



Verkefni 2026-2028

Í þessum kafla er fjallað um þau meginverkefni sem Ferðamálastofa var með í vinnslu á síðari hluta árs 2025 og ná inn á tímabil rannsóknaráætlunar fyrir árin 2026–2028. Ekki er gert ráð fyrir að auglýst verði ný verkefni til framkvæmda á árinu 2026.

Sum af þeim verkefnum sem eru í vinnslu eru ótímabundin í þeim skilningi að litið er á þau sem hluta af reglulegri starfsemi Ferðamálastofu til frambúðar. Engu að síður kunna að verða gerðar breytingar á þeim þar sem tækifæri eru til umbóta og framfara. Þetta á ekki hvað síst við um öflun, varðveislu, greiningu og miðlun grundvallargagna. Engin skammtímaverkefni eru skilgreind í þessari rannsóknaráætlun. Metinn kostnaður í eftirfarandi verkefnislýsingum er tengdur gerðum verksamningum og tilboðum, en engu að síður er um áætlun að ræða. Endanlegur kostnaður tengist framgangi verkefnanna.

Verkefni 1 – Farþegatalningar

Til að meta fjölda ferðamanna til landsins fer fram viðamikil talning á brottförum frá flugvöllum. Jafnframt er fylgst með tölu farþega sem koma til landsins með skipum. Hér er um að ræða innlenda og erlenda farþega, erlenda ríkisborgara sem búsettir eru á Íslandi sem og sjálftengifarþega á Keflavíkurflugvelli. Ferðamálastofa skiptir erlendum farþegum eftir þjóðerni. Ferðamálastofa heldur verkefninu áfram á árinu 2026 en skoðar jafnframt leiðir til þróunar þess með innleiðingu stafrænna lausna.

a. Brottfarir frá Keflavíkurflugvelli:
   Ferðamálastofa safnar tölulegum upplýsingum um fjölda erlendra og innlendra brottfararfarþega á Keflavíkurflugvelli eftir þjóðerni og birtir reglulega sem eina af lykilbreytunum í tölfræði atvinnugreinarinnar.
b. Brottfarir frá öðrum flugvöllum (Reykjavíkur-, Egilsstaða-, og Akureyrarflugvelli:
   Ferðamálastofa fær upplýsingar frá Icelandair, Atlantic Airways og Isavia.
c. Fjöldi farþega með Norröna á Seyðisfirði:
   Ferðamálastofa fær gögn frá Smyril Line og úr eftirlitskerfi SafeSeaNet í umsjón Samsýnar ehf.

d. Fjöldi ferðamanna með skemmtiferðaskipum: Ferðamálastofa fær gögn frá Cruise Iceland, Faxaflóahöfnum og úr eftirlitskerfi SafeSeaNet í umsjón Samsýnar ehf.

Hagnýtt gildi: Um er að ræða grunngögn til að meta umfang og eftirspurn fyrir þjónustu við ferðamenn. Hagsmunaaðilar og notendur hagtalna um ferðaþjónustu telja brottfarir erlendra farþega frá Keflavíkurflugvelli vera einn áreiðanlegasta mælikvarðann sem völ er á um þróun ferðaþjónustunnar.

Kostir farþegatalninga á Keflavíkurflugvelli er að um völlin fer stærstur partur allra ferðamanna sem koma til landsins. Auk þess hefur mælikvarðinn það fram yfir aðra mælikvarða, eins og t.d. gistinætur, að niðurstöður eru birtar fljótt. Af þeim sökum er hann t.d. notaður í efnahagsspám Seðlabankans. Hjá Hagstofu Íslands eru brottfarartalningar grundvallarbreyta í greiningum á innlendum þjóðarbúskap, sem og við mat á skammtímahagvísum fyrir ferðaþjónustu.

Tölurnar eru jafnframt notaðar við kennslu og rannsóknir í ferðamálafræði og öðrum greinum vísindasamfélagsins. Þær eru grundvallarbreyta í greiningu á íslenskri ferðaþjónustu í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Þá fá aðildarlönd ETC (European Travel Commission) aðgang að þessum gögnum.

Miðlun: Tölur eru birtar í mælaborði ferðaþjónustunnar og í mánaðarlegri og árlegri útgáfu um fjölda farþega. Gögnin er unnt að nálgast á vef Ferðamálastofu og mælaborði ferðaþjónustunnar til frekari vinnslu og greiningar.

Kostnaður umfram vinnu Ferðamálastofu: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður um 21 m.kr.

Tímarammi: Varanlegt verkefni. Mat á þjóðernasamsetningu ferðamanna er sérstaklega mikilvægt verkefni fyrir ferðaþjónustu í víðum skilningi. Undanfarin ár hefur Ferðamálastofa lagt áherslu á umbætur í brottfarartalningum farþega á flugvellinum í Keflavík. Þessar umbætur hafa skilað árangri og festu í mælingum. Meðal annars hefur árlegur talningartími verið aukinn sem og þjálfun starfsfólks. Skerpt hefur verið á samvinnu milli þeirra sem að talningunum koma. Enn fremur hefur úrtaksvinna verið uppfærð og talningum dreift betur með hliðsjón af flugáætlun. Hins vegar er nauðsynlegt að opna á tækifæri í nýrri mælitækni ekki síst til að leita frekara hagræðis í rekstri rannsóknarinnar en einnig vegna viðbúinna breytinga í ytra umhverfi hennar.

Verkefni 2 – Landamærarannsókn

Ferðavenjur erlendra ferðamanna: Lýðfræði, ferðahegðun og upplifun ferðamanna.

Ferðamálastofa stendur fyrir rannsókn meðal erlendra ferðamanna um veigamiklar hliðar á ferðalagi þeirra til Íslands. Gögnum er safnað árið um kring og er markmiðið að afla tölfræðilegra upplýsinga til að gefa skýra mynd

af lýðfræði, atferli, upplifun og viðhorfum ferðamanna hér á landi. Verkefnið hefur verið rekið hjá Ferðamálastofu síðan 2017, en hefur þróast nokkuð á tímabilinu.

Hér er um mjög mikilvæga gagnaöflun að ræða fyrir ferðaþjónustuna og stjórnvöld ferðamála. Jafnframt er hún margþætt, vandasöm og dýr í framkvæmd. Verkefnið var endurskoðað og einfaldað á árinu 2022 í samræmi við ábendingar ráðgefandi nefndar og fimm ára reynslu sem þá var komin á framkvæmd þess. Niðurstöður landamærarannsóknarinnar nýtast við úrvinnslu margra annarra gagna sem Ferðamálastofa aflar. Hagstofa Íslands aðstoðaði við uppsetningu rannsóknarinnar og nýtir niðurstöður hennar í opinbera hagskýrslugerð.

Hagnýtt gildi: Þetta eru mikilvæg gögn til að átta sig á spurn eftir ferðaþjónustu á Íslandi, væntingum til Íslands sem áfangastaðar. Landamærarannsóknin mælir einnig ánægju ferðamanna með upplifun sína með mælingu á NPS meðmælaskori (Net Promoter Score). Kvarðinn getur gefið vísbendingar um framtíðarhorfur í eftirspurn. Gögn úr landamærakönnun nýtast Hagstofu Íslands við þjóðhagsreikningagerð, mat á fjölda óskráðra gistinótta, gerð ferðaþjónustureikninga (e. Tourism Satellite Accounts) og greiningu á útflutningstekjum. Jafnframt skapa gögnin grunn að greiningu Ferðamálastofu á stöðu íslenskrar ferðaþjónustu í ljósi opinberra markmiða sem tengjast dreifingu ferðamanna um landið og upplifun þeirra (sjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019).

Miðlun: Helstu niðurstöður birtar og uppfærðar mánaðarlega í mælaborði ferðaþjónustunnar. Útgáfan Ferðaþjónusta í tölum (ISSN 2672-6394) birtir einnig uppfærðar niðurstöður um tilgang Íslandsferðar og dvalarlengd, meðmælaskor, heimsótt landsvæði og upplifun erlendra ferðamanna (2–3 bls. mánaðarleg, prentvæn samantekt). Niðurstöður hafa jafnframt verið birtar á skýrsluformi og í talnasamantektum.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 40 m.kr. á verðlagi í jan. 2026.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt verkefni.

Verkefni 3 – Könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu

Meginmarkmið þessa verkefnis er að meta viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna á landsvísu og eftir einstökum landshlutum. Könnunin var síðast unnin 2023 og samið hefur verið um að hún fari í gang á ný núna árið 2026. Verkefnið var upphaflega unnið á vegum Ferðamálastofu 2014.

Hagnýtt gildi: Þetta eru mikilvæg gögn til að greina samfélagsleg áhrif af íslenskri ferðaþjónustu. Það svarar spurningum á borð við hvort ferðaþjónustan hafi áhrif til að auka lífsgæði heimamanna og eða hvort landshlutar njóti ávinnings af ferðaþjónustu.

Miðlun: Gögn um viðhorf heimamanna til ferðafólks og ferðaþjónustu til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu. Samanburður gerður á viðhorfum heimamanna milli ára og landshluta.

Kostnaður: Kostnaður er metinn um 18 milljónir króna á verðlagi 2026, þar sem 10 milljónir falla til á árinu 2026 en afgangurinn á tímabilinu 2027-2028.

Tímarammi verkefnis: Framkvæmt á þriggja ára fresti að fullu.

Verkefni 4 – Könnun á ferðahegðun Íslendinga

Ferðamálastofa hefur látið framkvæma kannanir í upphafi hvers árs meðal Íslendinga um ferðahegðun þeirra innanlands og erlendis á nýliðnu ári og ferðaáform á komandi ári. Fyrsta könnunin var árið 2010. Gerður var verksamningur við Gallup, um framkvæmd könnunarinnar á árinu 2026.

Hagnýtt gildi: Um er að ræða mikilvæg gögn til að átta sig á eftirspurn landsmanna eftir ferðaþjónustu hérlendis og erlendis og eftir landshlutum innanlands. Sömuleiðis er hagnýtt að kanna viðhorf þeirra til Íslands og þar með eftirspurnarhorfum í framtíðinni og væntanlegum ferðaútgjöldum Íslendinga hér á landi. Þessi gögn nýtast m.a. við gerð ferðaþjónustureikninga Hagstofu Íslands, við mat á tækifærum í innlendri ferðaþjónustu eftir landshlutum, gerð spákerfa um þróun ferðaþjónustunnar o.s.frv. Upplýsingarnar nýtast einnig við greiningu á stöðu íslenskrar ferðaþjónustu í ljósi opinberra markmiða.

Miðlun: Niðurstöður hafa verið birtar í fréttum og á skýrsluformi á vef Ferðamálastofu.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er um 2 m.kr.

Tímarammi verkefnis: Framkvæmt í janúar ár hvert.

Samanburður við ferðavenjukönnun Hagstofu Íslands: Eðlilegt er að kannað sé hvort vinna þurfi ferðavenjukannanir hjá tveimur opinberum aðilum eins verið hefur síðan Hagstofa Íslands setti sína fyrstu ferðavenjukönnun í gang árið 2021. Ferðavenjukannanir Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands eru þó ólíkar að inntaki. Könnun Ferðamálastofu setur kastljósið á upplifun og þætti sem hafa áhrif á ákvörðunartöku ferðamanna um ferðalög. Ferðavenjukönnun Hagstofunnar aflar upplýsinga úr skrám (menntun, tekjur, búseta ferðamanna o.þ.h.) auk spurningakönnunar. Ferðavenjukönnun Hagstofunnar liggur niðri árið 2026 og framhald hennar er óráðið, skv. starfsáætlun Hagstofunnar 2026. Sem stendur er ferðavenjukönnun Ferðamálastofu því eina virka ferðavenjukönnunin.

Verkefni 5 – Dreifing ferðamanna um landið

Verkefninu er ætlað að gefa áreiðanlega mynd af fjölda ferðamanna á völdum áfanga- stöðum á Íslandi. Hagkvæmum, sjálfvirkum, nettengdum og viðhaldslitlum teljurum hefur verið komið upp á allmörgum stöðum á

landinu. Þessir teljarar veita stafrænum gögnum inn í gagnagrunn Ferðamálastofu í rauntíma.

Hagnýtt gildi: Verkefnið nýtist fyrst og fremst við vöktun á umferð og álagi á viðkomandi talningarstöðum (yfir 40 staðir). Verkefnið er sérstaklega hagnýtt, því mælingarnar nýtast hverjum landshluta við skipulag innviða ferðaþjónustu.

Miðlun: Gögn eru birt í mælaborði ferðaþjónustunnar.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 5 m.kr. á verðlagi í jan. 2026. Til viðbótar kemur kostnaður við fjárfestingu í búnaði og uppsetningarkostnaður á nýjum mælistöðum 2-3 m.kr. á ári

Viðbætur – ný undirverkefni: Stefnt er að fjölgun mælistaða á tímabili rannsóknaráætlunarinnar og umbóta m.t.t. stafrænna lausna.

Verkefni 6 – Greining á fjárhag og rekstri fyrirtækja í ferðaþjónustu

Fyrir ákvarðanatöku og stefnumörkun í ferðaþjónustu er afar þýðingarmikið að hafa haldgóðar upplýsingar sem næst rauntíma um umfang og afkomu í greininni. Ferðamálastofa leitast við að koma upplýsingum um fjárhag og rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu á framfæri eins fljótt og auðið er. Stofnunin vinnur greiningu á ársreikningum fyrirtækja í ferðaþjónustu þegar þeir liggja fyrir hvert á. Gögnin eru stjórnvöldum og fyrirtækjum mikilvæg innsýn í umsvif fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Hagnýtt gildi: Varpar ljósi á stöðu og þróun atvinnuvegarins í heild og einstakra greina innan hans. Getur þjónað greiningu sem tengist efnahagslegum markmiðum stjórnvalda fyrir atvinnugreinina, s.s. hvað varðar bestu viðbrögð við áföllum, aukna framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni hennar. Einnig nýtist greining sem þessi einstökum ferðaþjónustufyrirtækjum og samtökum þeirra við stefnumótun og aðrar veigamikla ákvarðanatöku.

Miðlun: Helstu niðurstöður eru að jafnaði kynntar í opnum fyrirlestrum og skýrslum sem eru öllum aðgengilegar á heimasíðu Ferðamálastofu. Samanteknar upplýsingar og helstu kennitölur rekstrar og fjárhags fyrirtækja og undirgreina ferðaþjónustu eru birtar í mælaborði ferðaþjónustunnar. Opinber gagnagrunnur, sem aðgengilegur er um mælaborðið, inniheldur rekstrar- og fjárhagsupplýsingar einstakra fyrirtækja í ferðaþjónustu frá og með árinu 2015 sem notandi getur hlaðið niður í Excel-skjal til eigin greiningar og vinnslu.

Tímarammi verkefnis: Ótímabundið.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 2 m.kr. á verðlagi í jan. 2026.

Verkefni 7 – Gagnagrunnur og mælaborð ferðaþjónustunnar

Gagnadrifin stefnumörkun í ferðaþjónustu grundvöllur uppbyggingar og viðhalds atvinnuvegarins. Ferðamálastofa heldur utan um og vinnur að uppbyggingu og endurbótum á gagnagrunni fyrir ferðaþjónustu. Markmiðið er að auka og tryggja aðgengi þeirra sem í greininni starfa og að henni koma að hagnýtum upplýsingum. Þróun, efling og viðhald gagnagrunns ferðaþjónustunnar er frambúðarverkefni og reglulegur þáttur í starfsemi Ferðamálastofu.

Ferðamálastofa leitast við að stuðla að samvinnu við fyrirtæki í ferðaþjónustu sem búa yfir umræddum gögnum um samnýtingu þeirra til að forðast tvíverknað að því marki sem viðskiptahagsmunir og persónuvernd leyfa.

Hagnýtt gildi: Um er að ræða grunngögn um ferðaþjónustu. Þessi gögn eru nauðsynleg fyrir skynsamlega stefnumörkun, áætlanagerð, vöruþróun og stýringu. Verkefnið tengist markmiðum um að safna tímanlegum, áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni.

Miðlun: Opið aðgengi er að gögnum úr gagnagrunni ferðaþjónustunnar í gegnum mælaborð ferðaþjónustunnar maelabordferdathjonustunnar.is.

Tímarammi verkefnis: Ótímabundið.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 14 m.kr. á verðlagi í ársbyrjun 2026.


Viðbætur – ný undirverkefni: Gagnagrunnurinn og mælaborðið eru í stöðugri þróun til að auka aðgengi að gögnum, bæta myndræna framsetningu og auka notagildi upplýsinga.

Hagnýtar verkefnishugmyndir

Ráðgefandi nefnd tók saman verkefnishugmyndir sem Ferðamálastofa tekur heilshugar undir að séu hagnýtar og myndu hafa jákvæð áhrif fyrir ferðaþjónustu ef þær yrðu að veruleika. Nefndin vann samantektina með glufugreiningu á hvar skortur er á upplýsingum og rannsóknum í greininni. Gerð er frekari grein fyrir vinnu ráðgefandi nefndar í ráðgjöf hennar sem finna má í viðauka 2 við þessa rannsóknaráætlun.

Skv. ráðgefandi nefnd vantar sérstaklega:

- Greiningu á samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu og tækifærum í viðburðahaldi, ráðstefnu-, sjálfbærni-, hvata- og menningarferðaþjónustu,
- Greiningu á sjálfbærni íslenskrar ferðaþjónustu, tengdri áhættu og tækifærum,
- Greiningu á gagnafærni og möguleikum í nýtingu gervigreindar við gagnaöflun, gerð spálíkana og greiningu þróunar í ferðaþjónustu,
- Kerfisbundnar rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á ferðaþjónustu og aðlögun að þeim, með greiningu á efnahagslegum áhrifum,
- Frekari rannsóknir á þolmörkum áfangastaða og greiningu á möguleikum til aðgangsstýringar,
- Rannsóknir á aðferðum og innleiðingu áhættumats, og
- Vinnumarkaðsrannsóknir.



Verkefni: Yfirlit

Eftirfarandi tafla veitir yfirsýn yfir áætlaðan kostnað verkefna og með hvaða hætti þau ná til helstu þjóðhaglegu markmiða ferðaþjónustunnar. Rétt er að ítreka það sem fram kom í upphafi þessa kafla að kostnað sem fram kemur í töflunni ber að skoða sem áætlun en ekki rauntölur.

Nr	Verkefni í ferðaþjónustu	Áætlaður árlegur kostnaður	Efna-hagur	Um-hverfi	Sam-félag
1	Farþegatalningar	21 m.kr.	Já	Já	Já
2	Landamærarannsókn	40 m.kr.	Já	Já	Já
3	Viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu*	10 m.kr.		Já	Já
4	Ferðahegðun Íslendinga	2 m.kr.	Já	Já	Já
5	Dreifing ferðamanna um landið	8 m.kr.	Já	Já	Já
6	Fjárhagur og afkoma fyrirtækja	2 m.kr.	Já		
7	Gagnagrunnur ferðaþjónustunnar	14 m.kr.	Já	Já	Já
	Samtals	**97 m.kr.**			

* Ath. að kostnaður við könnunina *Viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu* er áætlaður um 18 m.kr. á tímabili rannsóknaráætlunarinnar miðað við verðlag í janúar 2026 og falli um 10 milljónir af þeim kostnaði til á árinu 2026.

Verkefni sem falla út af rannsóknaráætlun

Í þessari rannsóknaráætlun hefur verið tekin sú ákvörðun að fella niður verkefnið *Könnun á ferðahegðun erlendra gesta á völdum þéttbýlisstöðum* því ekki hefur verið hægt að tryggja verkefninu fjármögnun um nokkurra ára skeið. Verkefnið er þó hagnýtt og mikilvægt væri að koma því aftur í rekstur. Ferðamálastofa mun endurskoða ákvörðun um niðurfellingu verkefnisins fáist nýtt fjármagn til þess.

Einnig er rétt að nefna að vegna aukins kostnaðar við forgangsverkefni rannsóknaráætlunar hefur Ferðamálastofa lagt til hliðar frekari vinnu við þróun þjóðhagslíkans fyrir ferðaþjónustu að svo stöddu.

Verkefni: Tengsl við jafnvægisás ferðamála

Ferðamálastofa skal móta og láta framkvæma rannsóknaráætlun á grunni Jafnvægisáss ferðamála og stefnumótunar stjórnvalda, eins og segir í 5. gr. reglugerðar um rannsóknir nr. 20/2020. Ferðamálastofa hefur ekki forræði yfir jafnvægisásnum.

Jafnvægisás ferðamála er mælitæki til að meta reglulega áhrif ferðaþjónustu á umhverfi, innviði, samfélag og efnahag landsins.

Ásinn hefur hagnýtt gildi og getur nýst stjórnvöldum og ferðaþjónustuaðilum til framfara ef honum er viðhaldið. Nokkuð er þó síðan efni hans hefur verið uppfært og þurfa stjórnvöld að ákveða hver framtíð hans verður eða tengsl rannsóknaráætlunar við hann.

Tafla 1 Tengsl verkefna á rannsóknaráætlun við jafnvægisás ferðamála

V1. Farþegatalningar	Tengsl við jafnvægisás eru óbein því gögnin sem safnast eru notuð við úrvinnslu ýmissa annarra verkefna Ferðamálastofu, svo sem í landamærarannsókn (sjá verkefni 2).
V2. Ferðavenjur erlendra ferðamanna - Landamærarannsókn	Gagnaöflun fyrir vöktun á eftirfarandi mælikvörðum jafnvægisássins: •Meðmælaskor (D.3.1.). •Líkur á endurkomu (D.3.2.). •Var ferðin peninganna virði (D.3.3.). •Ánægja með fjölda annarra ferðamanna (D.3.4.). •Eru væntingar ferðamanna uppfylltar (D.3.5.). •Náttúruvernd; viðhorf erlendra ferðamanna gagnvart náttúruvernd á Íslandi (B.6.4.). •Upplifun á náttúru; viðhorf erlendra ferðamanna til gæðaupplifunar í náttúrutengdri afþreyingu (B.6.5.).
V3. Ferðavenjur Íslendinga	Verkefnið veitir viðbótarupplýsingar við Landamærarannsókn Ferðamálastofu og tengsl við jafnvægisás eru sameiginleg, enda Íslendingar verulegur hluti af ferðamannaflóru landsins.
V4. Fjöldatalningar á ferðamannastöðum	Talningar á ferðamannastöðum, nýtast við álagsmat á ástandi staðanna og í nærumhverfi þeirra, líkt og sóst er eftir með náttúrustaðamælikvörðum jafnvægisássins (B.6).
V5. Viðhorf Íslendinga	Gögn fyrir vöktun á eftirfarandi mælikvörðum jafnvægisáss ferðamála: •Ánægja með fjölda ferðamanna (D.4.1). •Ónæði af völdum ferðamanna í daglegu lífi (D.4.2). •Hlutfall heimamanna sem forðast að heimsækja ákveðna fjölsótta staði (D.4.2). •Afstaða til efnahagslegs ávinnings samfélagsins af ferðaþjónustu (D.4.3). •Afstaða til breytinga á íslensku samfélagi vegna ferða- þjónustunnar (D.4.4). •Ástand gönguleiða; viðhorf Íslendinga til ástands gönguleiða í sinni heimabyggð (B.6.6.1). •Neikvæð áhrif ferðamanna á náttúru; viðhorf Íslendinga til áhrifa ferðamanna á náttúru (B.6.6.2). •Aukinn aðgangur að náttúru; viðhorf Íslendinga til aukins aðgengis að náttúru vegna áhrifa ferðamanna (B.6.6.3).
V6. Fyrirtæki - fjárhagur og rekstur	Þetta verkefni varpar ljósi á efnahagslegar víddir jafnvægisássins.
V7. Gagnagrunnur og mælaborð ferðaþjónustunnar	Í mælaborði ferðaþjónustunnar eru settar fram niðurstöður annarra verkefna á rannsóknaráætlun eftir því sem hægt er, auk þess sem mælaborðið veitir aðgengi að upplýsingum sem nýtast stjórnvöldum og ferðaþjónustunni.

Tilvísanir

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2019). *Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030*.

Sótt 14. maí 2020 af https://www stjornarradid is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/FerdaThjonusta/Lei%C3%B0arlj%C3%B3s%20%C3%ADslenskrar%20fer%C3%B0a%C3%BEj%C3%B-3nustu%202030_Final_Samr%C3%A1%C3%B0sg%C3%A1tt1 pdf.

Coccossis, H , Mexa, A , & Collovini, A. (2002). Defining, measuring and evaluating carrying capacity in Euro- pean tourism destinations, final report B4-3040/2000/294577/MAR/D2. Material for a Document. Aþena: University of the Aegean, Department of Environmental Studies, Laboratory of Environmental Planning.

Ferðamálastofa. Reykjavík. Ferðamálastofa. (2020b).

Ferðamálastofa. (2024). *Rannsóknaráætlun 2024–2026*.. Reykjavík.

Jónas Hlynur Hallgrímsson, Nathan Reigner, Ólafur Árnason, Ragnhildur Gunnarsdóttir, Ray Salter, Rob. P M. Kamsma, Sigurður Loftur Thorlacius, Tinna Húnbjörg Einarsdóttir, & Þorbjörg Sævarsdóttir. (2019). *Jafnvægisás ferðamála: Samantekt á niðurstöðum álagsmats. Drög til kynningar*. Reykjavík: Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Stjórnstöð ferðamála.

Lög um Ferðamálastofu nr. 96/2018.

Menningar og viðskiptaráðuneytið. (2023). Ferðaþjónustustefna til 2030. Sótt af https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/ferdamalastefna/ferdathjonustustefna-til-2030/

Stjórnarráðið. (2024). *Ferðaþjónusta til 2030, stefna og aðgerðaáætlun*. https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/ferdamalastefna/

Stjórnarráðið. (2026). *Jafnvægisás ferðamála*. Sótt 15. janúar 2026 af https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/jafnvaegisas-ferdamala/.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir. (2019). *Framtíðarsýn ferðaþjónustunnar. Leiðandi í sjálfbærri þróun*. Kynning ráðherra og Eflu verkfræðistofu í september 2019. Sótt 19. maí 2020 af https://www stjornar- radid is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/FerdaThjonusta/Kynning_R%C3%A1%C3%B- 0herra_Efla pdf.



Viðauki 1 – Reglugerð 20/2020

Reglugerð nr. 20/2020

Nr. 20 10. janúar 2020

REGLUGERÐ

um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um öflun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga, þ.m.t. gögn, gagna- greiningu og rannsóknir, sem Ferðamálastofa annast á grunni rannsóknaráætlunar.

2. gr.

Hlutverk Ferðamálastofu.

Ferðamálastofa skal fylgjast með og stuðla að þróun ferðaþjónustu sem mikil- vægrar og sjálfbærrar grunnstoðar í íslensku samfélagi með því að vinna að sam- ræmingu, greiningum og gagnaöflun ásamt miðlun og úrvinnslu upplýsinga, þar á meðal tölfræðilegra gagna, á málefnasviði stofnunarinnar.

Ferðamálastofa skal meta þörf fyrir gagnaöflun, greiningar og rannsóknir, móta rannsóknaráætlun, sbr. 5. gr , og láta framkvæma rannsóknir samkvæmt rannsóknaráætlun í samræmi við lög og reglur þar að lútandi, m.a. hvað varðar opinber innkaup. Vinna stofnunarinnar að gagnaöflun og rannsóknum skal styðja við ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni samkvæmt stefnu stjórnvalda.

Ferðamálastofa skal miðla niðurstöðum á markvissan hátt.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. *Gagnagreining*: Nákvæm athugun, útvinnsla og túlkun á gögnum eða heimildum sem framkvæmd er til að skilja uppbyggingu, eðli og/eða samhengi.

b. *Gagnaöflun*: Skipuleg, og eftir atvikum reglubundin, söfnun gagna sem framkvæmd er í tengslum við greiningu, rannsókn eða

skráningu upplýsinga. Að jafnaði skal miða við að gagnaöflun myndi óbrotna tímalínu á grunni þess sem áður hefur verið framkvæmt. Frumgagna er aflað með megindlegum (t d. talningum eða könnunum) eða eigindlegum (t d. viðtölum eða þátttökuathugunum) rannsóknaraðferðum. Afleiddra gagna er aflað á grunni útgefinna eða óútgefinna heimilda.

c. *Gögn*: Skráðar upplýsingar sem skiptast í frumgögn og afleidd gögn. Frumgögn eru skráðar upplýsingar frá fyrstu hendi. Afleidd gögn eru gögn sem þegar er búið að skrá og eru tiltæk.

d. *Jafnvægisás ferðamála*: Stjórntæki til að meta reglulega áhrif ferðaþjónustu á umhverfi, innviði, samfélag og efnahag íslensks samfélags á grunni skilgreindra sjálfbærnivísa.

e. *Mælaborð ferðaþjónustunnar*: Rafræn gagnaveita og upplýsingagátt Ferðamála- stofu þar sem hægt er að nálgast gögn og helstu niðurstöður greininga og rannsókna tengdar ferðaþjónustu sem birtar eru á aðgengilegan hátt.

f. *Rannsókn*: Nákvæm og kerfisbundin athugun með vísindalegri aðferð sem hefur þann tilgang að skapa nýja eða frekari þekkingu á því sviði sem rannsakað er og framkvæmd er í þeim tilgangi að nýtast stjórnvöldum til töku stefnumótandi ákvarðana á sviði ferðamála.

g. *Rannsóknaráætlun*: Áætlun til þriggja ára um þá gagnaöflun, greiningar og rannsóknir sem stjórnvöldum er nauðsynleg til að taka stefnumótandi ákvarðanir um uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu með sjálfbærni að leiðarljósi.

4. gr.

Miðlun upplýsinga og greining gagna.

Ferðamálastofa skal miðla upplýsingum um helstu gögn og niðurstöður gagnagrein- inga og rannsókna á vegum stofnunarinnar eins fljótt og auðið er eftir eðli verkefna. Niðurstöður skulu nýttar til að varpa ljósi á stöðu og þróun ferðaþjónustunnar.

Ferðamálastofa skal gera megindleg gögn og helstu niðurstöður megindlegra rannsókna aðgengilegar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*. Ferðamálastofa skal jafnframt stuðla að því að fyrirliggjandi upplýsingar frá öðrum hagaðilum sem snúa að ferðaþjónustu og hafa þýðingu fyrir þróun hennar séu birtar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*.

Ferðamálastofa skal setja fram áætlun um áframhaldandi þróun og framkvæmd *Mælaborðs ferðaþjónustunnar*, m.a. með hliðsjón af gildandi rannsóknaráætlun.

Ferðamálastofa skal setja fram birtingaráætlun árlega. Hana skal uppfæra reglulega í tengslum við framgang verkefna.

5.gr.

Rannsóknaráætlun.

Ferðamálastofa skal móta og láta framkvæma rannsóknaráætlun á grunni *Jafn- vægisáss ferðamála* og stefnumótunar stjórnvalda. Rannsóknaráætlun skal einnig taka mið af þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni til gagnaöflunar og rannsókna. Áætlunin skal unnin til þriggja ára í senn og endurskoðuð árlega eða oftar ef nauðsyn krefur. Við mótun rannsóknaráætlunar skal Ferðamálastofa:

a. Stuðla að samhæfingu, yfirsýn og virku samráði við hagsmunaaðila um gagnaöflun og rannsóknir í ferðaþjónustu.

b. Greina og meta hvaða gagna skuli aflað og í hvaða rannsóknir þurfi að ráðast sem styðja við stefnumótun stjórnvalda í ferðaþjónustu og áframhaldandi þróun og viðhald *Jafnvægisáss ferðamála*, meta umfang verks og áætla kostnað.

c. Forgangsraða verkefnum með tilliti til þess fjármagns sem er til ráðstöfunar fyrir málaflokkinn og gæta jafnvægis milli hinna þriggja þátta sjálfbærni, þ.e. efna- hagslegra þátta, umhverfislegra þátta og samfélagslegra þátta, þannig að við gagnaöflun og rannsóknir sem nýtast við ákvarðanatöku og stefnumótun stjórn- valda sé horft til allra þáttanna. Í rannsóknaráætlun skal tilgreina viðfangsefni, tilgang, umfang, hagnýtt gildi og tímasetningu sérhvers verkefnis.

d. Birta hugtakalista á heimasíðu Ferðamálastofu með helstu hugtökum sem tengjast rannsóknum á ferðamálum.

6.gr.

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir.

Ferðamálastofa skal kalla saman ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir á rannsóknaráætlun Ferðamálastofu.

Í nefndinni skulu eiga sæti, auk eins fulltrúa stofnunarinnar, sem stýrir starfi nefndarinnar, tveir fulltrúar háskóla sem sinna kennslu og rannsóknum á sviði ferðamálafræði sem tilnefndir eru af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn fulltrúi sem tilnefndur er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn fulltrúi sem tilnefndur er af þeim ráðherra sem fer með samgöngu- og sveitarstjórnarmál og einn fulltrúi sem tilnefndur er af Samtökum ferðaþjónustunnar. Fulltrúi sem tilnefndur er af þeim ráðherra sem fer með ferðamál skal jafnframt eiga sæti í nefndinni.

Niðurstöður nefndarinnar skulu lagðar til grundvallar við mótun rannsóknar- áætlunar. Nefndin skal setja sér starfsreglur. Nefndin getur, eftir því sem þörf er á, kallað eftir mati sérfróðra aðila um áherslur rannsóknaráætlunar. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist af Ferðamálastofu sem tryggir henni jafnframt viðunandi

starfsaðstöðugr.

Samráð og gildistaka rannsóknaráætlunar.

Drög að rannsóknaráætlun Ferðamálastofu skulu birt í samráðsgátt stjórnvalda. Að loknu samráði gerir stofnunin tillögu að rannsóknaráætlun til ráðherra.

Samþykkt rannsóknaráætlun skal birt á vefsíðu Ferðamálastofu.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 12. gr. laga um Ferðamálastofu, nr. 96/2018, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. janúar 2020.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Sigrún Brynja Einarsdóttir.

B-deild – Útgáfud : 17. janúar 2020

Viðauki 2 – Nefndarráðgjöf

Ráðgjöf um rannsóknarverkefni 2026-2028

Ferðamálastjóri
Arnar Már Ólafsson
Geirsgata 9
101 Reykjavík

Efni: Ráðgjöf vegna rannsóknaráætlunar 2026-28

30.12.2025

Virðulegi ferðamálastjóri

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir hefur lokið umfjöllun sinni um verkefni fyrir rannsóknaráætlun áranna 2026-28. Nefndin hefur fjallað um þessa ráðgjöf á 4 fundum á tímabilinu febrúar til september 2025. Auk formlegra funda gengu drög að ráðgjöf nefndarinnar á milli nefndarmenna til breytinga og athugasemda í fimm mismunandi meginútgáfum fram til 19. desember sl.

Ráðgjöf nefndarinnar er sett fram í meðfylgjandi skjölum:

1. Ráðgjöf um rannsóknarverkefni 2026-28
2. Fundargerðir fyrir 26., 27., 28. og 29. fund nefndar

Fjárveiting til rannsókna hefur staðið í stað frá 2021 og því lækkað að raunvirði um 29%. Ráðgefandi nefnd áréttar mikilvægi þess að styrkja rannsóknir og gagnaöflun í ferðaþjónustu og unnið verði að því að ná því markmiði að fjármögnun nái 1% af virðisauka greinar, það er mat nefndar að núverandi fjármögnun nái ekki 10% af því markmiði.

Ráðgjöfin í ár byggir á viðtölum við notendur gagna og rannsókna, ásamt glufugreiningu á rannsóknaráætlun Ferðamálastofu og aðgerðaáætlun stjórnvalda. Þessi aðferð leiðir í ljós bæði verulegar glufur í þekkingu og skýra þörf notenda fyrir bætt gögn.

Nefndin leggur sérstaklega áherslu á að bæta gæði brottfaratalningar, þar sem vantraust ríkir meðal notenda á núverandi talningar. Nefndin leggur til frekari samhæfingu og heildstæðari nálgun í rannsóknum og gagnaöflun þar sem stofnanir og nefndir vinna saman. Þetta tryggir bæði hagkvæmni og traustari grunn fyrir stefnumótun og bættan þekkingargrunn.

Fyrir hönd ráðgefandi nefndar um gagnaöflun og rannsóknir.

Þóra Helgadóttir Frost

Þóra Helgadóttir Frost

Ráðgjöf um rannsóknarverkefni 2026-28

Ráðgefandi nefnd setur hér fram ráðgjöf til Ferðamálastofu fyrir árin 2026-2028 í samræmi við reglugerð um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála nr. 20/2020. Enn fremur var leitast við að ráðgjöfin kallaðist á við aðgerðaáætlunar stjórnvalda til 2030 sem samþykkt var á alþingi sumarið 2024.

Eftirfarandi ráðgjöf skiptist í fjóra hluta: I. Staða fjármögnunar til rannsókna og gagnaöflunar; II Ráðgjöf um núverandi verkefni; III. Glufugreining, og IV. Niðurlag.

I. Staða fjármögnunar til rannsókna og gagnaöflunar

Líkt og komið hefur fram í ráðgjöf fyrri ára hefur nefndin áhyggjur af því að fé til gagnaöflunar og rannsókna í ferðaþjónustu sé af skornum skammti. Á sama tíma og þarfir stjórnavalda og greinarinnar til rannsókna og skilvirkrar gagnaöflunar fara síst minnkandi þá hefur árlegt rannsóknarfé Ferðamálastofu staðið í stað að nafnvirði frá árinu 2021, og því lækkað að raunvirði um 29%.[1] Samhliða þessu hefur kostnaður við rekstur rannsókna og gagnaöflunar aukist. Má þar nefna að kostnaður við tvö undirstöðuverkefni Ferðamálastofu, landamærakönnun og brottfaratalningu, hækkaði um 30% á árinu 2025 í kjölfar þess að verkefnin fóru í opinbert útboð. Svigrúm til nýrra verkefna og umbóta á núverandi verkefnum er því takmarkað og leggja þarf niður eða fresta verkefnum sem áður voru unnar.

Góðar rannsóknir og gögn eru undirstaða þess að stjórnvöld hafi yfir að ráða nauðsynlegum tækjum og upplýsingum til stefnumörkunar fyrir atvinnuveginn, svo sem við að marka ramma um gjaldtöku, álagsstýringu, skattheimtu eða sjálfbærni. Þannig er brýnt að fjármunum verði veitt til greininga og rannsókna á samkeppnishæfni greinarinnar, áhrifum stjórntækja, þolmörkum og áhættu áfangastaða, sem og áhrifum loftslagsbreytinga, þannig að hægt sé að móta skýra framtíðarsýn og styðja við stefnumótun á traustum grunni.

Aukin fjármögnun væri í samræmi við Ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda til 2030, þar sem markmiðið er að rannsóknarfé í ferðaþjónustu fari upp í 1% af virðisauka greinar. Það er mat nefndar að núverandi fjármögnun nái ekki 10% af markmiðinu.

Nefndin hefur lagt fram ábendingar um ný verkefni sem ættu að njóta forgangs þegar fjármunir aukast. Þessar ábendingar byggja á glufugreiningu á aðgerðaáætlun stjórnvalda og viðtölum við notendur gagna. Jafnframt leggur nefndin til aukið samstarf og samhæfingu milli starfshópa og samstarfsvettvanga sem þegar eru starfandi á sviði gagnaöflunar og rannsókna í ferðaþjónustu, með það að markmiði að tryggja hagkvæmni, skilvirkni, bættan þekkingargrunn og betri nýtingu fjár.

II. Ráðgjöf um núverandi verkefni

Árið 2025 voru átta rannsóknar- og gagnaöflunarverkefni fjármögnuð af Ferðamálastofu. Um er að ræða svokölluð varanleg verkefni sem mynda reglubundinn þátt í gagnaöflun og miðlun stofunnar. Vegna kostnaðarauka hefur Ferðamálastofa engin tímabundinn rannsóknarverkefni í vinnslu og hefur þurft að draga úr og fresta verkefnum, þar má nefna að ekki hefur verið unnt að rannsaka ferðahegðun á áfangastöðum á árinu.

[1] Miðað við vísitölu neysluverðs.

Umræður meðal sérfræðinga nefndarinnar, glufugreining á aðgerðaáætlun stjórnvalda og rannsóknaráætlun Ferðamálastofu, ásamt viðtölum við notendur gagna og rannsókna, hafa leitt í ljós forgangsatriði ráðgjafarinnar. Á árinu 2025 átti nefndin fundi með notendum frá Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands, Icelandair og Kötlu DMI.

1. Bætt brottfaratalning

Að mati nefndarmanna er brýnt að bæta brottfaratalningu Ferðamálastofu. Núverandi tölur hafa ekki alltaf reynst nægilega áreiðanlegar og í notendaviðtölum kom fram þörf fyrir að styrkja traust á gæði þeirra. Slík grunngögn eru undirstaða allra rannsókna og greininga innan ferðaþjónustu, sem og stefnumótunar stjórnvalda og áætlana ferðaþjónustufyrirtækja, og því er brýnt að finna lausn á þessum vanda.

Árið 2025 tók nýr verktaki, Maskína, við verkefninu og hefur unnið með Ferðamálstofu að því að bæta aðferðafræði til að takast á við skekkjur. Þrátt fyrir umbætur er ekki hægt að komast fram hjá innbyggðum takmörkunum á gæðum stikkprufutalningar í óstöðugu umhverfi flugvallar. Það er mat nefndar að umfangsmeiri framkvæmd, svo sem tíðari mælingar, gæti bætt gæði en slík úrbót væri of kostnaðarsöm í ljósi þess að verkefnið er nú þegar stór hluti fjárveitingar Ferðamálastofu til málaflokksins.

Eins og fram hefur komið í fyrri ráðgjöf telur nefndin forgangsatriði að Ferðamálastofa leiti skilvirkari og hagkvæmari leiða til að telja ferðamenn og meta þjóðernisskiptingu. Vitað er að lykilgögn um ferðamenn eru til staðar hjá þjónustuaðilum, svo sem flutningsfyrirtækjum, bókunarkerfum, fjarskiptafyrirtækjum, greiðslumiðlun og landamæraeftirliti. Nefndin leggur því til að ráðist verði í ítarlegt mat á þessum möguleikum, með kostnaðar- og ábatagreiningu.

Á sama tíma telur nefndin mikilvægt að viðhalda núverandi brottfaratalningu til að tryggja samfellda tímalínu gagna ef ný lausn finnst. Fari svo að ný lausn verði valin þarf tvíhliða talning jafnframt að standa yfir í ákveðinn tíma áður en hægt er að ljúka yfirfærslu. Má því gera ráð fyrir að úthluta þurfi stærri hluta fjárveitinga til verkefnisins um hríð, en að mati nefndarinnar er það nauðsynlegt til að tryggja samfellu gagna.

Til að bæta stöðu til skemmri tíma leggur nefndin til að Ferðamálastofa, í samstarfi við verktaka, þrói aðferðir til að bæta gæði núverandi gagna, til dæmis með greiningu á mánaðartölum í samanburði við önnur gagnasöfn til að greina frávik. Slík frávik verði merkt og útskýrð við útgáfu gagna.

Nefndin fagnar þeim umbótum sem þegar hafa átt sér stað í kjölfar ráðgjafar undanfarinna ára. Þar má nefna að greiningarinnviðir Ferðamálastofu hafa verið styrktir, til að meta frávik, aukinn tími í talningu (1600 klst. á ári) hefur verið tryggður sem fastur hluti verkefnisins, og verktaki hefur bætt úrtak sitt með nákvæmari upplýsingum um flugtíma.

Ferðamálastofa kynnti jafnframt þróunarverkefni í samstarfi við Sumo Analytics, þar sem spálíkan fyrir fjölda erlendra ferðamanna er þróað með aðstoð gervigreindar og byggir á landamæragögnum. Nefndin telur þetta verkefni jákvæða þróun og mikilvægt skref í nýtingu gervigreindar í ferðaþjónusturannsóknum. Hún áréttar þó að áreiðanleiki slíkra líkana ræðst alfarið af gæðum grunnupplýsinga.

Landshlutagreind og tímanleg gögn

Í viðtölum við notendur kom skýrt fram að þörf er á frekari landshlutagreiningu á þeim gögnum sem nú þegar liggja fyrir um ferðaþjónustu á Íslandi, m.a. frá Seðlabanka Íslands og Hagstofu

Íslands. Nefndin leggur til að Ferðamálastofa vinni náið með þessum stofnunum að því að þróa aðferðir til að landshlutagreina gögn og birta þau á mælaborð Ferðamálastofu. Sérstaklega væri æskilegt að birta ítarlegri greiningu á kortaveltu eftir þjóðerni ferðamanna og landshlutum, sem jafnframt gæti nýst sem raunhæfismat á niðurstöðum brottfaratalningar. Sú uppfærsla mælaborðs Ferðamálastofu sem nú þegar hefur átt sér stað með frekari sundurliðun gagna eftir landshlutum er jákvæð þróun í þessa átt. Jafnframt telur nefndin brýnt að töluleg gögn séu birt nægilega tímanlega til að þau nýtist sem best til greininga og spáa

3. Skilvirkni og hagkvæmni

Gagnaöflun um ferðaþjónustu á Íslandi er að mestu í höndum ólíkra stofnana, sem vinna að aðskildum verkefnum. Í mörgum tilfellum gefst þó tækifæri til að samræma aðferðir og auka hagkvæmni í framkvæmd.

Að mati nefndarmanna er brýnt að Ferðamálastofa vinni með markvissari hætti með áfangastofum og markaðsstofum landshluta, þannig að kannanir á ferðahegðun og viðhorfum erlendra ferðamanna verði sambærilegar milli svæða og myndi samanburðarhæfa heildarmynd á landsvísu.

Jafnframt telur nefndin að til bóta væri að efla samstarf milli stofnana sem birta gögn um ferðaþjónustu. Hluti þessara gagna og greininga, til dæmis ferðaþjónustureikningar, byggja á upplýsingum frá öðrum stofnunum. Mikilvægt er að skapa skýrari mynd af því hvernig gögnin eru notuð, hvernig þau tengjast innbyrðis og hvaða hlutverki þau gegna í mismunandi greiningum. Betri yfirsýn myndi stuðla að aukinni skilvirkni og betri nýtingu gagna og rannsókna Ferðamálastofu. Hér gæti Ferðamálastofa gegnt mikilvægu hlutverki með því að kortleggja gagnanotkun í kerfinu og tryggja þannig að upplýsingar nýtist sem best, til að mynda í gegnum nýjan samstarfsvettvang um eflingu og samhæfingu í gagnaöflun og rannsóknum.

4. Heildarsýn og samanburður

Nefndin fagnar því að árlegir ferðaþjónustureikningar séu birtir fyrir Ísland sem hluti af þjóðhagsreikningum. Þeir veita sambærilegt mat á þjóðhagslegu mikilvægi greinarinnar og þróun þess yfir tíma og mynda þannig traustan grundvöll fyrir greiningu á hagrænum áhrifum ferðaþjónustu sem og mati á áhrifum opinberrar stefnumótunar.

Nefndin ítrekar mikilvægi þess að ferðaþjónustureikningar verði skilgreindir sem varanlegt verkefni Hagstofu Íslands. Hún leggur jafnframt til að kanna möguleika á að birta niðurstöður reikninganna ársfjórðungslega og eftir landshlutum, ef kostur er, til að auka tímanleika og notagildi gagna.

Í viðtölum við notendur kom einnig sterkt fram að þörf sé á rannsóknum á stöðu og samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu og á framtíðarmarkaðstækifærum. Slíkur skilningur er lykilþáttur í aðgerðaáætlun stjórnvalda til 2030.

Nefndin hvetur til aukins samstarfs í rannsóknum á ferðaþjónustu, í takt við aðra útflutningsgeira, þar sem núverandi mynd er að mestu brotakennd. Tillögur samstarfsvettvangs um markáætlun Rannís eru jákvætt fyrsta skref í þessa átt.

5. Framtíð þjóðhagslíkans

Rannsóknarverkefnið Þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustuna var þriggja ára verkefni á vegum Ferðamálastofu sem hófst haustið 2020. Það var unnið af Hagrannsóknum sf., og í því voru þróuð tvö þjóðhagslíkön af mismunandi gerð sem skilað var í skýrsluformi.

Sem hluti verksamnings var jafnframt unnið uppkast að notendavænum hugbúnaði fyrir högg- og aðgerðagreiningar, svokölluðu létt-líkani, og hefur Ferðamálastofa á árinu hafið vinnu við þróun þess.

Nefndin leggur til að skoðað verði með hvaða hætti þjóðahagslíkanið gæti nýst við greiningar og rannsóknir í framtíðinni.

6. Önnur verkefni

Landamærakönnun (Verkefni 2)

Á árinu fór Ferðamálastofa í útboð á framkvæmd landamærakönnunar og var samningur gerður við Maskínu. Rétt er að árétta að kostnaður við samanlagt verkefni brottfaratalningar og landamærakönnunar hækkaði í kjölfar útboðsins um 30%, sem nemur um 60% af heildarfjárveitingu Ferðamálastofu til rannsókna og gagnaöflunar.

Eins og fram hefur komið hér að ofan er það mat nefndarinnar að heildstæð endurskoðun þurfi að eiga sér stað á aðferðum við brottfaratalningu. Nefndin telur mikilvægt að viðhalda landamærakönnun sem lykilheimild um upplifun erlendra ferðamanna, en jafnframt að samræma hana öðrum könnunum. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að gestaupplifun er ein af lykilstoðum aðgerðaáætlunar stjórnvalda til 2030, þar sem lögð er áhersla á að upplifun gesta sé jákvæð og í samræmi við væntingar þeirra, og að náttúra, menning og fjölbreytt afþreying stuðli að einstakri upplifun.

Kannanir – Íslendingar (Verkefni 3 & 4)

Almennt er það mat nefndarinnar að mikilvægt sé að halda uppi könnunum á ferðahegðun sem og viðhorfum Íslendinga til ferðaþjónustu.

Meginmarkmið könnunar á viðhorfum Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu er að meta viðhorf heimamanna bæði á landsvísu en einnig eftir einstaka landshlutum. Verkefnið fór fram á landsvísu 2014, 2017, 2019 og 2023 auk nokkra stuttra kannana 2021-22. Verkefnið var ekki endurtekið árið 2025, en Ferðamálastofa gerir ráð fyrir að þessi könnun verði endurtekin á 2-3 ára fresti.

Nefndin telur mikilvægt að halda þessu verkefni áfram, þar sem niðurstöður veita mikilvæga innsýn fyrir aðgerðaáætlun ferðaþjónustu sem miðar að því að byggja greinina upp í sátt við samfélagið. Gögnin eru jafnframt nýtt af greiningaraðilum og þeim sem móta stefnu í ferðaþjónustu.

Nefndin bendir á að svipuð viðhorfskönnun hefur verið framkvæmd á höfuðborgarsvæðinu óslitið frá árinu 2015 og telur æskilegt að leitast verði við samþættingu verkefnanna til að ná aukinni skilvirkni og samræmi.

Árið 2021 var gerður samningur við Gallup um framkvæmd á könnun um ferðahegðun og útivist Íslendinga og verkefninu hefur verið viðhaldið, þar á meðal árið 2025. Nefndin áréttar mikilvægi þess að halda þessari gagnasöfnun áfram og leggur til að gögnin verði aðgengileg og niðurhalanleg á mælaborði Ferðamálastofu. Þá telur nefndin æskilegt að samvinna verði aukin við Hagstofu Íslands, sem birtir gögn um ferðavenjur ársfjórðungslega, til að tryggja samræmi, samanburðarhæfni og hagkvæmni í framkvæmd.

Landshlutagreiningar (Verkefni 5 & 6)

Könnunin á ferðahegðun erlendra gesta veitir innsýn inn í ferðamennsku erlendra ferðamanna í völdum þjónustukjörnum. Spurt er um búsetuland, dvalarlengd, gistimáta, ferðafélaga og útgjöld á dag. Rannsóknarmiðstöð ferðamála (RMF) hefur framkvæmt þessar kannanir, engin könnun var fjármögnuð árið 2025. Eins og kom fram í síðustu ráðgjöf nefndarinnar þá fagnar hún því að Ferðamálstofa sé að vinna að endurskoðun þessa verkefnis í samstarfi við áfangastofur, þar sem lagt er upp með framkvæmd á tveimur stöðum árlega. Skýr þörf er fyrir tímanleg, landshlutaskipt gögn, til að styðja við gerð áfangastaðaáætlana sem og stefnumótun fyrirtækja og áfangastaða.

Talning ferðamanna fer fram með sjálfvirkum hætti á 24 áfangastöðum um land allt. Árið 2025 fékk Ferðamálastofa auka fjárveitingu til þess að skipta teljurum út, en fyrri teljarar nýttu 2G sendatækni sem verið er að leggja niður. Einnig voru keyptir nokkrir myndavélateljarar á sama tíma, til að sannreyna nýja tækni. Nefndin fagnar því að Ferðamálastofa hafi sett í forgang að skipta út teljurum. Í samtali við greinendur og notendur gagna, kom skýrt fram að þessi gögn eru mikið notuð. Nefndin leggur til að teljurum verði fjölgað á næstu árum, í samstarfi við Náttúruverndarstofnun, Þingvallarþjóðgarð og áfangastaðastofur. Þessi gögn eru lykilforsenda greiningar á álagsstýringu, sem er ein af lykilaðgerðum aðgerðaáætlunar stjórnvalda.

Rekstrarafkoma (Verkefni 7)

Ráðgefandi nefnd lýsir ánægju með þá tímanlegu greiningu sem Ferðamálastofa birtir af afkomu ferðaþjónustu. Þessi greining hefur mikið gildi fyrir stefnumótun í greininni. Ferðamálastofa vinnur með KPMG að útgáfunni og eru niðurstöður birtar í mælaborði. Nefndin fagnar því að gögn séu nú birt eftir landshlutum og niðurhalanleg, og hvetur til áframhaldandi þróunar í þá átt. Nefndin vill hins vegar benda á að á sama tíma þarf að sjá til þess að gögnin séu áreiðanleg og sambærileg milli ára, nefndin veit um atvik þar sem fyrirtæki hafa ekki verið talin með og leggur til að orsök þess verði greind.

Mælaborð ferðaþjónustunnar (Verkefni 8)

Mælaborð ferðaþjónustunnar gegnir lykilhlutverki í að tryggja greiðan aðgang að gögnum og gagnagrunnum Ferðamálastofu og annarra stofnana sem birta gögn um ferðaþjónustu. Verkefnið er að mestu unnið innan stofnunarinnar, en á yfirstandandi ári hefur hún einnig nýtt sér ráðgjöf utanaðkomandi sérfræðinga.

Á árinu 2024, í samræmi við ráðgjöf nefndarinnar, fór fram veruleg umbreyting á framsetningu gagna, og á árinu 2025 hefur sú vinna haldið áfram. Aðgengi að niðurhalanlegum upplýsingum og sundurliðun eftir landshlutum hefur aukist til muna.

Nefndin styður núverandi þróunaráætlun mælaborðsins en leggur jafnframt til að Ferðamálastofa efli samstarf við aðra gagnaaðila til að tryggja samhæfingu, bæta nýtingu og draga úr tvíverknaði.

Að mati nefndarinnar ætti framtíðarsýn mælaborðsins að vera að það gegni hlutverki miðlægrar gagnagáttar fyrir öll gögn sem varða ferðaþjónustu á Íslandi, óháð því hvort gagnaöflunin er á vegum Ferðamálastofu eða annarra stofnana.


III. Glufugreining

Glufugreining á rannsóknaráætlun Ferðamálastofu og aðgerðaáætlun stjórnvalda í ferðaþjónustu leiddi í ljós að skortur er á rannsóknum og greiningum á lykilsviðum sem nauðsynleg eru til að styðja markvisst við fjórar meginstoðir aðgerðaáætlunarinnar stjórnvalda; efnahag, samfélag, umhverfi og gesti. Fimmta stoðin er rannsóknir og gögn.

Sérstaklega vantar:

- Greiningu á samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu og tækifærum í viðburðahaldi, ráðstefnu-, sjálfbærni-, hvata- og menningarferðaþjónustu,
- Greiningu á sjálfbærni íslenskrar ferðaþjónustu, tengdri áhættu og tækifærum,
- Greiningu á gagnafærni og möguleikum í nýtingu gervigreindar við gagnaöflun, gerð spálíkana og greiningu þróunar í ferðaþjónustu,
- Kerfisbundnar rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á ferðaþjónustu og aðlögun að þeim, með greiningu á efnahagslegum áhrifum,
- Frekari rannsóknir á þolmörkum áfangastaða og greiningu á möguleikum til aðgangsstýringar,
- Rannsóknir á aðferðum og innleiðingu áhættumats, og
- Vinnumarkaðsrannsóknir

Tillögur nefndarinnar að næstu verkefnum miða að því að fylla í þessar glufur þannig að aðgerðaáætlunin verði betur studd með traustum gögnum og greiningum. Þar með liggi fyrir heildstæðari grundvöllur fyrir stefnumótun og framkvæmd (sjá mynd á næstu síðu). Þessi verkefni tengjast og þurfa tímasetningar að fara eftir því. Mörg þessara verkefna voru fyrst sett fram í síðustu ráðgjöf nefndarinnar, og vísar hún til þeirrar ráðgjafar til frekari útlistunar.


Lykilstoðir aðgerðaráætlunar
Rannsóknir og gögn
Efnahagur
Samfélag
Umhverfi
Gestir
Samkeppnishæfni ferðaþjónustu á Íslandi: Greining á þeim þáttum sem ráða samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu og tækifærum, t.a.m. í ráðstefnu-, sjálfbærni- , hvata- og menningarferðaþjónustu.
Sjálfbærni í ferðaþjónustu Íslandi: Greining á stöðu íslenskrar ferðaþjónustu hvað varðar sjálfbærni, t.a.m. loftlagsfótspor. Mat á tækifærum til nýsköpunar og áhættu af aðgerðarleysi, í ljósi þess að Ísland er nú þegar markaðsett sem sjálfbær ferðamannastaður. Tengt við aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftlagsmálum og Loftlagsvegvísi ferðaþjónustu.
Tækifæra og áhættumat á áhrifum loflagsbreytinga á ferðaþjónustu: Greining á helstu tækifærum og áhættum í ferðaþjónustu, bæði raunlæg (e. physical risk) og umbreytingar (e. transition risk), tengdum loftlagsbreytingum. Mat á kostnaði við aðgerðaleysi (e. cost of inaction) og forgangsröðun aðgerða. Tenging við þjóðhagslíkan ferðaþjónustu og nýjan Loftlagsatlas Veðurstofu Íslands.
Álagsstýring í ferðaþjónustu: Greining á þörf fyrir álagsstýringu, mögulegum aðferðum og áhrifum á ferðaþjónustu og hagkerfið í heild. Tenging við þjóðhagslíkan ferðaþjónustu.
Vinnumarkaðsrannsóknir: Mat á stöðu starfsmannamála í ferðaþjónustu og áhrifum ferðþjónustu á íslenskan vinnumarkað.
Gagnfærni / Gervigreind og ferðaþjónusta: Mat á tækifærum í upplifun ferðamanna, frá bókun til þjónustu, og nýjum leiðum til gagnaöflunar og greiningar.
Styrkja gögn og greiningar til að meta þolmörk áfangastaða: Mat á gögnum og greiningum geta gefið innsýn inn í þolmörk náttúru, innviða, gesta og samfélags helstu áfangastaða.
Áhættumat á áfangastöðum til að tryggja öryggi gesta: Greining á aðferðum við áhættumat áfangastaða og útfærsla á aðferðum og ferlum.

IV. Niðurlag

Ráðgefandi nefnd áréttar mikilvægi þess að styrkja rannsóknir og gagnaöflun í ferðaþjónustu og unnið verði að því að ná því markmiði að fjármögnun nái 1% af virðisauka greinar.

Ráðgjöfin byggir á viðtölum við notendur gagna og rannsókna, ásamt glufugreiningu á rannsóknaráætlun Ferðamálastofu og aðgerðaáætlun stjórnvalda. Þessi aðferð leiðir í ljós bæði verulegar glufur í þekkingu og skýra þörf notenda fyrir bætt gögn.

Nefndin leggur áherslu á að bæta brottfaratalningu, þar sem vantraust ríkir meðal notenda á núverandi talningar. Í viðtölum kom einnig skýrt fram þörf fyrir frekari landshlutagreiningu á gögnum og skýrari mynd af stöðu greinarinnar í dag.

Glufugreiningin leiðir í ljós skort á rannsóknum á samkeppnishæfni greinarinnar, sjálfbærni, áhrifum loftslagsbreytinga, þolmörkum áfangastaða, áhættumati og vinnumarkaði.

Nefndin leggur áherslu á samhæfða og heildstæða nálgun í rannsóknum og gagnaöflun þar sem stofnanir og nefndir vinna saman. Þetta tryggir bæði hagkvæmni og traustari grunn fyrir stefnumótun og bættan þekkingargrunn. Brýnt er að ráðast í þau verkefni sem glufugreiningin bendir á, þannig að öll meginsvið ferðaþjónustunnar verði nægilega rannsökuð.

Viðauki 3 – Fundargerðir ráðgefandi nefndar

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir

Fundur **22.05.2025** kl. 13:30

Fundargerð

Viðstödd: Þóra Helgadóttir Frost, Ingibjörg Sigurðardóttir og Unnur Valborg Hilmarsdóttir. Gunnar Geir Gunnarsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Hallveig Ólafsdóttir og Diljá Matthíasardóttir voru fjarverandi. Auk nefndarmanna sátu fundinn frá FMS: Heiðrún Erika Guðmundsdóttir

Þetta gerðist

1 Landamærakönnun og talning ferðamanna

HEG frá FMS kynnti stöðu stærstu verkefna. Eftir nýlegt útboð hefur verktakafyrirtækið Maskína tekið við framkvæmd landamærakönnunar og talningu ferðamanna. Verkefnið hefur farið vel af stað og samskipti við verktaka eru góð. Kostnaður við verkefnið hefur þó aukist um 30%.

2 Notkun símagagna og gagnagrunnur ForwardKeys

FMS hefur skoðað möguleika á að nota símagögn í tengslum við landamærakönnun, en ekki náð árangri enn sem komið er. Upplýsandi samtal fór fram við Ferðamálastofu Þýskalands sem nýtir símagögn. FMS hefur nú keypt aðgang að gagnagrunni frá ForwardKeys til eins árs. Grunnurinn veitir gögn um komufarþega á alla flugvelli á Íslandi, eftir þjóðerni og dvalarlengd. Unnið er að því að meta notagildi þessara gagna. Nefndarmenn lýstu ánægju með þetta skref og óska eftir frekari upplýsingum þegar meiri reynsla er komin á notkun. Ferðamálastofa Þýskalands hefur einnig keypt aðgang að sama gagnagrunni.

3 Vandamál tengt teljurum sem nota 2G

Upplýsingar komu fram um að sumir teljarar FMS styðjast við 2G gagnaflutning, en farsímafyrirtæki hyggjast slökkva á 2G kerfum á árinu. Því þarf að finna lausnir til að uppfæra eða skipta um teljara, sem gæti haft í för með sér aukinn kostnað.

4 Uppfært mælaborð

HEG kynnti nýtt og hreinsað mælaborð. Nýjungar á borð við spá frá Sumo Analytics og möguleikar til niðurhals voru kynntir. Viðstaddir nefndarmenn lýstu ánægju með uppfærslu.

5 Þjóðhagslíkanið – næstu skref

Farið var yfir stöðu þjóðhagslíkansins. HEG óskaði eftir áliti nefndar á því hvernig mætti auka notagildi líkansins fyrir almenning og stjórnvöld, og hvort rétt væri að ráðast í framhaldsverkefni.

6 Samstarfsvettvangur um gagnaöflun og rannsóknir

HEG kynnti verkefni samstarfsvettvangsins um eflingu og samhæfingu í gagnaöflun og rannsóknum. Nefndarmenn voru sammála um mikilvægi góðra samskipta milli vettvangsins og ráðgefandi nefndar. Eitt verkefni vettvangsins er að skoða reglugerð nr. 20/2020, sem nefndin vinnur eftir. Lagt var til að nefndin tæki saman tillögur að breytingum.

7 Verkefni nefndar fram undan

ÞHF fór yfir verkefni nefndarinnar næstu mánuði fram að uppfærðri áætlun. Lagt var til að nefndin fjalli um:

- Tillögur að breytingum á reglugerð
- Samtöl við notendur gagna
- Næstu skref varðandi þjóðhagslíkanið
- Tenging verkefna við aðgerðaráætlun
- Ef tími gefst: kynning frá sérfræðingi um möguleika gervigreindar í gagnaöflun

Fundi slitið kl. 14:30

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir

Fundur **25.06.2025** kl. 11:30

Fundargerð

Viðstödd: Þóra Helgadóttir Frost, Unnur Valborg Hilmarsdóttir; Gunnar Geir Gunnarsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Hallveig Ólafsdóttir og Diljá Matthíasardóttir. Ingibjörg Sigurðardóttir var fjarverandi. Auk nefndarmanna sátu fundinn frá FMS: Heiðrún Erika Guðmundsdóttir. Innlegg frá Kolbrúnu Þorfinnsdóttir (Seðlabanka Íslands) og Eðvarði Inga Erlingssyni (Hagstofu Íslands)

Þetta gerðist

1. HÓ nýr fulltrúi í nefndinni, tilnefnd af Atvinnuvegaráðuneytinu, boðin velkomin til starfa.
2. **Fundargerð** fundar 22.05.25 samþykkt
3. **Endurskoðun reglugerðar nr. 20/2020**

DM fór yfir vinnu við breytingar á reglugerðinni sem unnin hafði verið með fyrri formanni nefndarinnar. Helstu tillögur sneru að:

- Breyta orðalagi í 2. gr. svo skýrt sé að vinna FMS við gagnaöflun og rannsóknir styðji einnig fyrirtæki í greininni
- Endurskoða skilgreiningu á gagnaöflun til að tryggja sveigjanleika í gagnasöfnun og forðast of mikla bindingu við fyrri aðferðir
- Fjarlægja eða breyta orðalagi um jafnvægisás ferðamála í 4. og 5. gr.

Mikilvægt þótti að reglugerðin sé opin og sveigjanleg til að standa tímans tönn. DM mun senda nefndarmönnum drög að tillögum til umsagnar. ÞHF lagði til að frekari umræða færi fram á næsta fundi og nefndarmenn sendi athugasemdir í tölvupósti.

4. **Jafnvægisás ferðamála**

Nokkur umræða, í tengslum við reglugerð 20/2022, varð um hvort og hvernig ætti að endurvekja jafnvægisásinn. Komið var inn á að mælikvarðarnir hafi verið margir og söfnun gagna flókin. Samstaða var um að áhugi væri á að skoða nýtingu verkfærisins og meta hvernig hægt sé að virkja það að nýju. Ákvörðun um framhald hans er á forræði atvinnuvegaráðuneytisins og HÓ tók að sér að ræða þetta frekar þar.

5. **Innlegg frá notendum**

KÞ (Seðlabanka) og EIE (Hagstofu Íslands) kynntu hvernig stofnanirnar nýta gögn FMS. KÞ lýsti því hvernig Seðlabankinn byggir m.a. á fjölda brottfararfarþega frá Keflavík í efnahagsspám. KÞ benti á vankanta í skiptingu eftir búsetu og ósamræmi í einstökum mánuðum, KÞ nefndi einnig að Seðlabankinn væri að skoða birtingu gagna gögn um kortaveltu eftir þjóðerni, sem gæti aukið skilning á þjóðernisskiptinu. HEG benti á að nýr verktaki og uppfærð aðferð bættu áreiðanleika og óháður aðili hefði rýnt aðferðafræðina.

EIE tók undir vankanta og kynnti hvernig Hagstofan notar auk brottfaragagna niðurstöður úr könnunum á ferðavenjum innlendra og erlendra aðila. EIE lagði áherslu á áframhaldandi kannanir á ferðavenjum og að aukin tíðni slíkra kannanna væri til bóta.

Farsímagögn voru rædd sem viðbót við hefðbundna gagnaöflun, FMS hefur áhuga en vantar fjármagn og mannafla. GÞJ lýsti efasemdum um að skipta út talningu fyrir farsímagögn. Báðir gestir ítrekuðu mikilvægi órofinna tímaraða. Þjóðhagslíkan FMS fyrir ferðaþjónustu er ekki notað í starfsemi Seðlabanka eða Hagstofu.
ÞHF þakkaði fyrir innlegg. DM bauðst til að ræða við fulltrúa fyrirtækja í ferðaþjónustu til að bjóða á næsta fund.

6. **Önnur mál**

GGG spurði um aðgang að farþegalistum, HEG taldi það ólíklegt og gagnsemi takmarkaða. HEG kynnti létta útgáfu af þjóðhagslíkani sem áformað er að birta á heimasíðu FMS. Nefndarmenn lýstu ánægju og vildu veita umsögn.

Fundi slitið kl. 13:00

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir
Fundur **27.08.2025** kl. 10:00

Fundargerð

Viðstödd: Þóra Helgadóttir Frost, Unnur Valborg Hilmarsdóttir; Gunnar Geir Gunnarsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Hallveig Ólafsdóttir, Diljá Matthíasardóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir. Auk nefndarmanna sátu fundinn frá FMS: Heiðrún Erika Guðmundsdóttir. Innlegg frá Tómasi Ingasyni (Framkvæmdastjóri tekju-, þjónustu- og markaðssviðs - Icelandair) og Bjarnheiði Hallsdóttur (Forstjóri- Katla DMI)

Þetta gerðist

1. Endurskoðun reglugerðar nr. 20/2020 – önnur umræða

ÞHF fór yfir breytingartillögur sem lagðar höfðu verið fram á fyrri fundum, auk nýrra tillagna frá ÞHF og HEG. Umræður sneru að því hvort reglugerðin væri of þröngt tengd við Jafnvægisás ferðamála, sem nú liggur í dvala. Nefndarmenn sammála um að reglugerðin ætti helst að vera „tímalaus“, þannig að hún vísi til stefnu stjórnvalda hverju sinni, en ekki til ákveðinna mælitækja. HÓ benti á að samhliða færi fram umræða í ráðuneytinu um aðgerðaráætlun, ferðamálastefnu og framtíð jafnvægisáss. Samstaða náðist um að leggja til að fjarlægja beina tilvísun til jafnvægisássins úr reglugerðinni. ÞHF mun senda nefndarmönnum uppfærða útgáfu reglugerðarinnar og drög að bréfi til ráðuneytis til umsagnar.

2. Innlegg frá notendum gagna og rannsókna

Gestir fundarins, Bjarnheiður Hallsdóttir (BH) og Tómas Ingason (TI), komu með ítarlega innsýn úr atvinnulífinu:

- BH lagði mikla áherslu á mikilvægi reglubundinnar og áreiðanlegrar talningar við Keflavíkurflugvöll. Nákvæmri talningu var hætt 2019 og aðeins stikkprufur notaðar síðan, sem nýtast mun. Takmarkað traust á þeim gögnum og spurningarmerki sett við áreiðanleika þeirra. TI tók undir með BH og nefndi að til væru einfaldar tæknilausnir sem nýtast til að mynda í Færeyjum og Grænlandi og undirstrikaði að ónákvæm gögn geti verið verri en engin gögn.
- BH ítrekaði mikilvægi gagna um gistinætur, en það þurfi betri sundurliðun, hraðari miðlun og meiri nákvæmni, m.a. eftir þjóðerni og staðsetningu. Nýtingarhlutfall gististaða þurfi að vera skýrara og birt oftar. Mikil óvissa sé um þróun vetrarferða og skortur á gögnum torveldi áætlanagerð. BH talaðu um mikilvægi þess að ferðaþjónustureikningar Hagstofu Íslands yrðu kláraðar að fullu.
- BH og TI voru sammála um að bæta þyrfti gögn um erlenda kortaveltu, með frekari sundurliðun eftir greinum innan ferðaþjónustu og löndum, helst í hverjum mánuði. BH velti einnig fyrir sér hvernig leiðrétt væri fyrir þeirri stöðu að á síðustu árum hefur aukist að ferðamenn bóka í gegnum erlendar ferðaskrifstofur
- BH ítrekið mikilvægi að halda áfram með viðhorfskannanir sem væru sambærilegar milli ára. BH lagði til að fjölgað yrði teljurum, þar sem þeir væru mjög gagnlegir. Hún setti einnig á „óskalista“ nokkur verkefni, að ráðast í kortlagningu slysa í ferðamennsku, þróa verðvísitölur fyrir ferðaþjónustu og efla greiningu á vinnumarkaði greinarinnar. HEG og GGG upplýstu að Ferðamálastofa ynni nú að lausn varðandi kortlagningu slysa.
- TI talaði um þörf á gögnum og rannsóknum til að styðja við ákvarðanir hvað varðar langtíma fjárfestingar, til að mynda flugleiðir og flugvélar. Mikilvægt sé að sjá framboð og eftirspurn á gistingu og ferðamönnum í rauntíma til að koma í veg fyrir flöskuhálsa og skapa verðmæti. BH og TI væru bæði sammála um mikilvægi þess að sjá hvernig tegundir gistimöguleika væru að þróast hér á landi.
- TI lýsti þörf fyrir samræmda nálgun í rannsóknum, að ferðaþjónustugögn væru jafn kerfisbundin og gögn um fiskistofna. Í dag höfum við brotkennda mynd af geiranum.

Nefndamenn þökkuðu kærlega fyrir innlegg.

3. Önnur mál

Ekki gafst tími til að ræða tengsl verkefna Ferðamálastofu við aðgerðaráætlun stjórnvalda. ÞHF mun senda nefndarmönnum drög að glufugreiningu til yfirferðar fyrir næsta fund.
Fundi slitið kl. 11:30

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir í ferðaþjónustu

Fundur **23.09.2025** kl. 13:00

Fundargerð

Viðstödd: Þóra Helgadóttir Frost, Unnur Valborg Hilmarsdóttir; Gunnar Geir Gunnarsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Diljá Matthíasardóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir. Hallveig Ólafsdóttir var fjarverandi.

Þetta gerðist

1. **Fundargerðir** fundar 25.06.25 og 27.08.25 samþykktar
2. **Opin umræða um ráðgjöf nefndar fyrir Rannsóknaráætlun FMS 2026-28**

Gagnaöflun og grunnupplýsingar
ÞHF lagði til að forgangsatriði ráðgjafar væri að leggja áherslu á mikilvægi þess að bæta grunnupplýsingar sem birtar eru um ferðamenn og komur þeirra. Greiningar, rannsóknir, stefnumótun stjórnvalda og áætlanir fyrirtækja í greininni byggja á þessum gögnum. Þetta kom skýrt fram í samtali við notendur að takmarkað traust væri á núverandi gögnum. Nefndarmenn voru sammála, GGG ítrekaði að það hlyti að vera hægt að nýta fyrirliggjandi gagnagrunna, s.s. farþegaskrár og vegabréfaskanna, í stað handahófskenndra talninga

Viðhorfskannanir
ÞHF nefndi einnig að notendur hefðu einblínt á mikilvægi kannana sem grundvöll að ferðaþjónustureikningum og áætlunum fyrirtækja. IS vakti athygli á ósamræmi í framkvæmd viðhorfskannana á milli mismunandi stofnana og áfangastaðastofa. GÞJ lagði til að sú fjárfesting sem hefur nú þegar farið í þróun aðferðarfærði og spurningarlista núverandi kannana væri nýtt á nýjum svæðum. Diljá Matthíasardóttir taldi að FMS gæti tekið að sér samræmingarhlutverk, m.a. varðandi spurningalista og framkvæmd.

Greining gagna og ítarlegri sundurliðanir
ÞHF nefndi ábendingar frá notendum um að fá betri sundurliðanir á kortaveltu eftir þjóðerni og landshlutum. GÞJ tók undir að gögnin þyrftu að vera sett fram á gagnsæjan hátt og nýtt betur fyrir stefnumótun, og hér gæti FMS spilað hlutverk.

Loftslagsbreytingar og ferðaþjónusta
GÞJ benti á vöntun á greiningu á áhrifum loftslagsbreytinga á ferðaþjónustu. IS nefndi sérstaklega þörf á að skoða orkuskipti í greininni og áhrif þeirra á rekstrarumhverfi fyrirtækja. ÞHF tók undir með nefndarmönnum að nauðsynlegt væri að framkvæma heildstætt áhættumat og greina áhrif loftslagsbreytinga á ferðaþjónustuna, þ.m.t. kostnað vegna aðgerðaleysis.

3. **Glufugreining**

ÞHF kynnti glufugreiningu á rannsóknarverkefnum FMS og aðgerðaráætlun stjórnvalda. Nefndarmenn tóku undir að þessi nálgun væri gagnleg við að forgangsraða verkefnum og rökstyðja nauðsyn nýrrar gagnaöflunar eða greiningar.

Helstu glufur reyndust vera: 1) Greining á samkeppnishæfi og tækifærum hvað varðar ráðstefnu-, hvata- og menningarferðaþjónustu, 2) mat á tækifærum hvað varðar gervigreind og gagnfærni, 3) gagnaöflun og rannsóknir til að meta þolmörk áfangastaða, 4) greining á áhrifum loftlagsbreytinga á ferðaþjónustu, 5) mat á þörf á álagsstýringu, 6) upplýsingar og spár um aðsókn að áfangastöðum í rauntíma, 7) áhættumat á áfangastöðum til að tryggja öryggi gesta.

4. **Næstu skref**

Samkvæmt samantekt formanns verður unnið áfram að drögum að ráðgjöf á næstu vikum og þau send nefndarmönnum til umsagnar áður en endanleg útgáfa er samþykkt:

- Bæta gagnaöflun grunnupplýsinga
- Samræma og styrkja viðhorfskannanir.
- Auka greiningu og sundurliðanir gagna (kortavelta, neysla o.fl.).
- Hefja vinnu við að bæta í glufur í rannsóknum og gagnasöfnun.

Fundi slitið kl. 14:00